

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og reglugerð nr. 402/2001 um fráveitu í Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal það vera eftirfarandi:

- a) Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 12.000 kr. pr. íbúð og 270 kr. pr. fermetra húss.
- b) Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 30.000 kr. pr. eign og 270 kr. pr. fermetra húss.
- c) Álagning skv. a- og b-málsliðum skal þó aldrei vera hærri en 0,47% eða lægra en 0,25% af fasteignamatí allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Sveitarfélagið annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Dalvíkurbyggð og innheimtir sérstakt rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár er kr. 11.000 kr. pr. losun. Að auki er greitt fast gjald 12.000 kr. pr. losunarstað til að standa straum af kostnaði vegna niðurstæðinga á rotþrónni.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila hverju sinni.

4. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 3. desember 2013, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014. Jafnframt fellur gjaldskrá um fráveitu í Dalvíkurbyggð nr. 1082/2012 úr gildi.

Dalvíkurbyggð, 4. desember 2013.

Svanfríður Inga Jónasdóttir sveitarstjóri.